



Starfsreglur fyrir svæðisráð foreldrafélaga leikskóla í Garðabæ

1. Svæðisráð er samstarfsvertvangur foreldra sem eiga börn í leikskólum í Garðabæ.
2. Svæðisráð er skipað einum fulltrúa frá hverju foreldrafélagi eða foreldraráði leikskóla auk varamanna þeirra og sjá viðkomandi félög/ráð um að tilnefna fulltrúa sína. Hver leikskóli skal þannig eiga einn fulltrúa í ráðinu og fara með eitt atkvæði á fundum þess.
3. Svæðisráð heldur samráðsfundi tvívar á ári, haustfund og vorfund. Miðað er við að haustfundur sé haldinn í október og vorfundur í febrúar. Svæðisráð ákveður hvort fleiri fundir séu haldnir yfir árið. Á haustfundi svæðisráðs skal kosið í stjórn ráðsins.
4. Í stjórn svæðisráðs skulu kosnir þrír fulltrúar úr hópi svæðisráðsmanna: formaður, varaformaður og ritari auk varamanna þeirra. Kjörtímabil er eitt ár í senn. Stjórnarmenn skulu almennt ekki vera fleiri en einn frá hverjum leikskóla. Stjórn svæðisráðs skal stuðla að því að embætti flytjist milli leikskóla eftir hvert kjörtímabil. Æskilegt er að hluti stjórnarmanna sitji tvö ár í svæðisráði.
5. Formaður svæðisráðs boðar til fundar með dagskrá. Formaður varðveitir gögn ráðsins og skilar þeim til estirmanns síns.
6. Ritari svæðisráðs ritar fundargerðir funda, kemur tilkynningum á framfæri eftir því sem þurfa þykir, annast um og uppfærir samskiptalistu svæðisráðs og annast önnur störf sem stjórn felur honum. Ritari annast um að fundargerðir séu sendar leikskólafulltrúa og birtar á vef Garðabæjar.
7. Ákvarðanir svæðisráðs skulu tekna á fundi. Fundur er ályktunarbaer ef til hans hefur verið boðað með dagskrá. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundi. Til að breyta starfsreglum svæðisráðs þarf þó samþykki $\frac{3}{4}$ hluta svæðisráðsfulltrúa.
8. Svæðisráð tilnefnir fulltrúa sem áheymarfulltrúa í leikskólanefnd Garðabæjar með málfrelsi og tillögurétt. Formaður stjórnar svæðisráðs skal vera áheymarfulltrúi í leikskólanefnd nema svæðisráð ákveði aðra skipan en varaformaður í forföllum hans. Í forföllum aðal- og varaáheymarfulltrúa er stjórn svæðisráðs heimilt að senda hvaða fulltrúa svæðisráð sem er á fund leikskólanefndar.
9. Áheymarfulltrúi svæðisráðs er fulltrúi foreldra á fundum leikskólanefndar. Hann fylgist með starfi nefndarinnar og talar máli foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða. Hann skal fylgja eftir málum sem honum er falið að fara með og miðlar upplýsingum til svæðisráðsins um þau mál sem tekin eru fyrir í leikskólanefnd á þann hátt sem svæðisráð ákveður.
10. Svæðisráð annast um öll þau mál sem ákveðin eru á fundum ráðsins enda samræmist það tilgangi ráðsins samkvæmt stofnsamþykkt þess. Hlutverk stjórnar er að framfylgja ákvörðunum svæðisráðs.

Starfsreglur þessar eru samþykktar á fundi svæðisráðs
hinn 5. maí 2010

 
 
 
Leóðra Þórssen
Halla Mún Þórssen
Sigrún S. Þórssen